

Fundargerð 8. fundar

Starfshópur um sérhæfða akstursþjónustu í Hafnarfirði.

Haldinn kl. 12, mánudaginn 24.júní 2019 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri, Margrét Vala Marteinsdóttir, Elín Ýr Arnar, Ráðgjafarráði, Guðmundur Sverrisson, Sigurður Guðjón Jónsson frá Mannviti og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. mál.

Sigurður Guðjón fór yfir drög að verklýsingu sérhæfðu akstursþjónustunnar. Fjölmargar athugasemdir komu fram sem tekið verður tillit til.

2. mál.

Kallað verður eftir umsögn frá Öldungaráði varðandi akstursþjónustu eldri borgara.

3. mál.

Á fundi fjölskylduráðs þann 29.mars s.l. lagi fulltrúi Samfylkingarinnar fram eftirfarandi tillögu:

“Tillaga Samfylkingarinnar: Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur til að starfshópi um sérhæfða akstursþjónustu í Hafnarfirði verði falið að framkvæma þjónustukönnun á meðal notenda ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði. Í henni verði hugur notenda til þjónustunnar í dag kannaður, hvað þeir vilja varðveita og hvað þeir vilja bæta til framtíðar. Slík þjónustukönnun veitir okkur góða innsýn inn í stöðu mála á þessum tímamarki og gefur okkur góðan grunn til samanburðar eftir að Hafnarfjarðarbær hefur tekið yfir þjónustuna. Einnig getur þjónustukönnun gefið okkur sterkar vísbendingar um það hvað í þjónustunni má betur fara í undirbúningi okkar á því að bærinn taki við þjónustunni. Niðurstöður þjónustukönnunar skulu liggja fyrir í lok maí 2019. Tillögunni vísað inn í starfshópinn til umfjöllunar.”

Lagt fram. Starfshópurinn áréttar að ákveðið var að fara ekki í þjónustukönnun heldur var haft beint samráð við hagsmunaaðila í gegnum búsetukjarna, aðrar starfsstöðvar fatlaðs fólks o.fl. Samráðshópur var stofnaður á facebook og kallað var eftir umsögn frá Ráðgjafarráði fatlaðs fólks og óskað verður eftir umsögn frá Öldungaráði. Allar ábendingar hafa verið teknar fyrir á fundum starfshópsins. Tveir fulltrúar Ráðgjafarráðs fatlaðs fólks eiga sæti í starfshópnum um sérhæfðu akstursþjónustuna. Strætó bs hefur gert þjónustukannanir sem starfshópurinn hefur tekið tillit til. Í ljósi þessa er ekki talin ástæða til að fara í formlega

Þjónustukönnun þar sem svo fjölþætt samráð hefur verið haft við helstu hagsmunaaðila og miklar skriflegar upplýsingar liggja fyrir nú þegar.

Fundi slitið kl. 14:00.